

**Eftirlit með sjóðum og
stofnunum sem starfa
samkvæmt staðfestri
skipulagsskrá,
sbr. lög nr. 19/1988**



RÍKISENDURSKOÐUN
Október 1997

Efnisyfirlit

INNGANGUR	5
LÖGGJÖF UM STAÐFESTA SJÓÐI OG STOFNANIR	7
UMSÝSLA OG EFTIRLIT	11
ÖNNUR UMSÝSLA	15
SJÓÐIR OG SJÁLFSEIGNARSTOFNANIR ER STUNDA ATVINNUREKSTUR	17
FJÁRMÁL	19
FYLGISKJAL	21

Inngangur

Í ríflega þrjá áratugi hefur Ríkisendurskoðun haft með höndum eftirlit með sjóðum sem starfa samkvæmt með skipulagsskrá, er staðfest hefur verið af stjórnvöldum. Framan af hélt stofnunin einnig skrá yfir hliðstæða sjóði þó svo að þeir hefðu ekki notið opinberrar staðfestingar. Frá 1989 hefur stofnunin einnig haft eftirlit með stofnunum sem starfa á grundvelli staðfestrar skipulagsskrár.

Eins og nánar verður rakið hér á eftir voru fyrri lög um eftirlit með sjóðum nokkuð fáorð um hvernig því skyldi hagað í framkvæmd. Af þeim sökum féll það í skaut stofnunarinnar að móta það í nánu samráði við stjórnvöld. Í meginatriðum hefur tilhögun við eftirlitið lítið breyst frá því það var fyrst sett á laggirnar. Í stórum dráttum byggist eftirlitið á því að halda á hverjum tíma skrá yfir þá sjóði og stofnanir sem löggin taka til. Forsvars- eða vörslumönnum þeirra er gert að skila Ríkisendurskoðun árlega reikningum næstliðins árs, árituðum af stjórn og endurskoðendum. Stofnunin fer yfir reikningana, skráir helstu liði og stærðir í sérstaka skrá og kannar að svo miklu leyti sem henni er unnt hvort fjárvarslan og ráðstöfun eigna sjóðanna sé í samræmi við skipulagsskrá þeirra.

Þrátt fyrir að sjóðir þeir og stofnanir sem hér um ræðir eigi það sameiginlegt að starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá hafa þeir eðli málsins samkvæmt margbreytileg markmið. Eignir þeirra eða eignasamsetning er oft ólík. Hvort tveggja hefur breyst og aðlagast að nokkru leyti breyttum þjóðfélagsháttum á liðnum áratugum. Fyrrum var algengast að sjóðirnir væru stofnaðir með gjafafé, ýmist lausum aurum eða fasteignum, oftast bújörðum. Arður af af þessum eignum sjóðanna voru oftast en ekki einu tekjur þeirra.

Á síðari árum hafa orðið þær breytingar að inn á sjóðaskrána eru komnir sjóðir og sjálfseignarstofnanir ýmiss konar sem stunda jafnvel margvíslega atvinnustarfsemi. Í þessu sambandi nægir að nefna hjálparstofnanir, sjúkra- og meðferðarstofnanir, menntastofnanir og elli- og vistheimili. Sumar þessarar stofnana fá rekstrarframlög á fjárlögum vegna þjónustunnar sem þær veita eða njóta opinberra fjárframlaga með

öðru sniði. Aðrar fjármagna starfsemi sína með skipulögðum fjárföfnunum, svo sem happdrættum, félagsgjöldum, rekstri kvikmyndahúsa o.fl.

Tímabært þykir að gera nokkra grein fyrir þessu verkefni og því starfi sem umsýslunni fylgir. Greinargerðin fjallar einkum um starfið á gildistíð nógildandi laga nr.19/1988 en rétt þykir samhengisins vegna að gera í stutta máli grein fyrir forsögu þeirra.

Löggjöf um staðfesta sjóði og stofnanir

Fyrstu lög in h rlendis um sj ði sem hloti  hafa sta festingu opinbers stj rnvalds voru l g nr. 29/1935, en samkv mt  eim skyldi sameina  Alþingi   hlutfallskosningu kj sa þr  menn til 5  ra   senn, er hafa skyldu eftirlit me  og halda skr  yfir  a sj ði   landinu, sem stofna ir voru og hloti  sta festingu konungs   skipulagsskr  sinni. Afrit af skr nni bar  eim   leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi. Me  l gum nr. 80/1941 var l gum nr. 29/1935 m.a. breytt    a lund    au skyldu ekki einungis taka til sta festa sj ða heldur og til hli st  ra sj ða jafnframt  v  sem fj rmar  dherra var fali    urskur a    greiningi um hvort sj  ur v ri h  ur eftirliti samkv mt l gunum e a ekki.

L g nr. 29/1935 voru afnumin me  l gum nr. 111/1941. Helsta n ymeli    s  ar nefndu l gunum var   stj rnum  eirra sj  a, sem ekki h f u hloti  konungssta festingu   skipulagsskr  e a  eim, er sl ka sj  i h f u undir h ndum, var gert skylt   senda hinum  ngkosnu eftirlitsm nnum stofnskr r sj  anna, gjafabref e a  nnur fyrirmeli um starfsemi  eirra. Um  a sj  i, er s  ar yr u stofna ir, skyldu sl k g gn send eftirlitsm nnum   ur en  r v ri li i  fr  sj  sstofnun.   auki var m lt fyrir um   ef ekki v ru til fyrirmeli um starfsemi sj  s skyldu eftirlitsmenn hlutast til um   sl k fyrirmeli yr u sett.   l gum nr. 20/1953 um vi auka vi  l g nr. 111/1941 var kve i    um tilteknar heimildir til handa forr  am nnum sta festa sj  a til  ess   breyta skipulagsskr num   fengnu leyfi stj rnvalda og vi  tiltekin skilyr i   selja eignir  eirra,  o svo   upphafleg skipulagsskr  leg i bann vi  sl ku.

Me  l gum nr. 20/1964 var R kisendursko un fali    annast eftirlit me  sta festum sj  um svo og   rum hli st  um sj  um, sem stofna ir h f u veri  me  framl gum einstaklinga, f laga og stofnana.     ru leyti kv  u l g  essi ekki   um framkv md en skv.  eim var fj rmar  dherra  tla    setja n nari  kv  i  ar   l tandi   regluger . Svo mun  o aldrei hafa veri  gert.

N gildandi l g um sj  i og stofnanir sem starfa samkv mt sta festri skipulagsskr  og eftirlit me   eim eru nr. 19/1988 og t ku  au

gildi 1. janúar 1989. Um tilganginn að baki lögnum sagði m.a. svo í greinargerð í frumvarpi að þeim: **“Þessu frumvarpi er ætlaður fyrst og fremst tvennskonar tilgangur. Að móta reglur um hvernig reyna megi að fá betri yfirsýn yfir þá sjóði, sem enn lifa og ennfremur að bjóða fram heimildir til að endurnýja, í samræmi við möguleika þeirra til framhaldsstarfa, reglur um ráðstöfun sjóðseignar með þeim breytingum, sem umráðaaðilar telja vænlegast og helst samrýmast upphaflegum tilgangi sjóðsstofnenda”**.

Lögin taka til sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af dómsmálaráðherra samkvæmt lögnum eða samkvæmt skipulagsskrá staðfestri af forseta Íslands eða konungi fyrir gildistöku þeirra. Sjóðir og stofnanir, sem stofnað er til með lögum, ákvörðunum Alþingis eða milliríkjasamningum falla ekki undir lög nr. 19/1988 þó svo að skipulagsskrá þeirra kunni að vera staðfest.

Skv. 3. gr. laganna skal hver sá sem ábyrgð ber á sjóði eða stofnun eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikning sjóðsins eða stofnunarinnar fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðs eða stofnunar hefur verið ráðstafað á því ári. Stjórn sjóðs eða stofnunar skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá hverjir skipa stjórn hverju sinni. Ríkisendurskoðun ber að halda skrá yfir heildartekjur og gjöld, eignir og skuldir allra skráðra sjóða og stofnana, svo og athugasemdir sínar við framlagða reikninga. Skal færa nýjar upplýsingar í skrána eftir því sem þær berast. Aðgangur að upplýsingum í skránni skal vera öllum frjáls og skal láta í té afrit af henni til þeirra sem eftir því leita.

Berist ekki skýrsla eða reikningur sjóðs eða stofnunar í eitt ár eða reynist reikningsskilin ófullkomin getur dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum Ríkisendurskoðunar, falið lögreglustjóra að rannsaka fjárreiður sjóðsins eða stofnunarinnar og taka í sína vörslu skjöl og eignir, sbr. nánar 4. gr. laganna. Eigi má selja eða veðsetja fasteignir sem eru í eigu staðfesta sjóða og stofnana nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra og að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Í 6. gr. laganna er kveðið á um heimild dómsmálaráðherra til þess að breyta skipulagsskrá sjóðs eða stofnunar, hafi þjóðfélagshættir og aðstæður breyst svo mjög frá því að skipulagsskrá sjóðs eða stofnunar var staðfest að markmiðum þeim, sem skipulagsskrá gerir ráð fyrir verður eigi náð eða stjórn verður ekki skipuð samkvæmt ákvæðum hennar. Dómsmálaráðherra getur á sama hátt sameinað tvo eða fleiri sjóði eða

stofnanir í einn sjóð eða stofnun. Þá getur hann lagt staðfesta sjóði og stofnanir niður og varið eignum þeirra til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum. Ætíð skal ráðherra leita umsagnar Ríkisendurskoðunar þegar hann nýtir sér framangreindar heimildir sínar. Ríkisendurskoðun getur einnig átt frumkvæði að því að tekin verði afstaða til aðgerða af þessu tagi.

Í ákvæði til bráðabirgða segir að dómsmálaráðherra skuli láta gera skrá um þá sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt skipulagsskrá staðfestri fyrir gildistöku laganna. Jafnframt skuli kannað hvort eigi væri ástæða til að breyta gildandi skipulagsskrám, sameina sjóði eða stofnanir eða leggja niður.

Umsýsla og eftirlit

Samkvæmt lögum nr. 19/1988 skal Ríkisendurskoðun halda skrá yfir sjóði og stofnanir sem hlotið hafa staðfestingu stjórnvalda. Skráin er tölusett heildarskrá, sem sýna á alla sjóði og stofnanir er starfað hafa samkvæmt skipulagsskrá, sem staðfest hefur verið af þar til bæru stjórnvaldi á hverjum tíma. Skráning sjóðanna er að mestu í tímaröð. Á sjóðaskrá voru á árum áður margir sjóðir, sem ekki höfðu þegar nánar var að gáð staðfesta skipulagsskrá og voru þeir því felldir af skránni. Þetta veldur þeim mismun, sem er á samanlögðum fjölda starfandi og niðurlagðra sjóða annars vegar og hins vegar fjölda númera á sjóðaskrá. Þar við bætist að þegar skipulagsskrám sjóða og stofnana var breytt verulega eða þær endurgerðar á árum áður var þeim stundum gefið nýtt númer og fyrra númer fellt niður.

Þá er þess að geta að einnig er haldin sérstök skrá er geymir samanteknar upplýsingar um rekstur og efnahag allra starfandi sjóða og stofnana, sem staðfestar hafa verið. Samkvæmt gildandi lögum ber Ríkisendurskoðun að hafa þessar upplýsingar tiltækar á hverjum tíma fyrir hvern þann sem eftir þeim leitar.

Elsti sjóður sem skráður er í sjóðaskrá er Reynislegat, sem stofnað var á árinu 1662. Af þeim sjóðum sem enn eru á sjóðaskrá eru 64 sjóðir, sem stofnaðir voru fyrir síðustu aldamót. Á fyrri hluta þessarar aldar fjölgaði sjóðunum nokkuð ört. Á árinu 1935 voru sjóðir með staðfesta skipulagsskrá um 400 samkvæmt skráningu hinnar þingkjörnu nefndar, sem þá annaðist þessi málefni.

Þegar nógildandi lög tóku gildi hinn 1. janúar 1989 voru skráðir sjóðir og stofnanir 1168. Fjárhagur margra þeirra var afar bágborinn. Verðbólga og breyttir þjóðfélagshættir höfðu rýrt svo eignir margra þeirra að þeir voru nánast að engu orðnir. Á þetta hafði Ríkisendurskoðun bent árum saman og hvatt til að sett yrði ný og heildstæð löggjöf um þetta efni, þar sem m.a. væru heimildir til handa stjórnvöldum til þess að leggja niður sjóði, sameina þá eða breyta skipulagsskrám þeirra, ef ljóst væri að

hlutverki þeirra væri lokið, eignir þeirra uppunar eða skilyrði að öðru leyti ekki til staðar fyrir óbreytta starfsemi þeirra.

Með lögum nr. 19/1988 urðu nokkur tímamót í þessum efnum. Í þeim eru eins og áður segir bæði heimildir fyrir ráðherra til þess að sameina sjóði og stofnanir eða leggja niður ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi. Heimildir þessar hafa óspart verið notaðar. Í kjölfar gildistöku laganna hafði dómsmálaráðuneytið, í samráði við Ríkisendurskoðun, frumkvæði að því að leggja þá sjóði niður, sem ekki áttu eignir sem námu þá a.m.k. 50.000 kr. Á tímabilinu 1. janúar 1989 til 31. desember 1996 voru 560 sjóðir lagðir niður á grundvelli 4. gr. laganna.

Flestir voru sjóðirnir lagðir niður vegna þess að eignir þeirra voru svo gott sem uppunar. Af ýmsum ástæðum er ólokið að leggja formlega niður allmarga þeirra sjóða, sem dómsmálaráðherra hefur ákveðið að leggja niður, þar sem Ríkisendurskoðun hafa ekki borist fullnægjandi gögn um endanlega ráðstöfun eigna þeirra. Í fjölmörgum tilvikum hefur reynst torvelt að finna menn sem hafa heimild og aðstöðu til að sinna þessum eignalitlu sjóðum. Iðulega er lítið meira vitað um þá og málefni þeirra annað en það sem getið er um í sjóðaskrá. Oft eiga sjóðirnir óverulegar fjárhæðir á bankareikningum en erfitt kann að reynast að finna þann eða þá sem ótvírætt hefur lögformlega heimild til þess að taka ákvarðanir um ráðstöfun fjárens, t.d. vegna þess að stjórn hefur ekki starfað eða verið skipuð svo árum skiptir, stjórnarmenn látnir o.s.frv. Þegar svo háttar til dragast mál gjarnan á langinn. Þess er jafnan gætt við niðurlagningu sjóða og stofnana að ráðstöfun eigna sé í sem bestu samræmi við tilsvarende ákvæði í skipulagsskrá.

Þó svo að um 560 sjóðir hafi verið lagðir niður eru enn á skrá margir sjóðir, sem ljóst er að ekki eiga möguleika til að starfa skv. skipulagsskrá sökum fjárskorts. Nefna má sem dæmi að á sjóðaskrá um síðastliðin áramót voru 52 sjóðir, sem áttu minna en 100 þús. kr. og 155 sjóðir sem áttu minna en 500 þús. kr. Þetta gefur tilefni til að hugleiða hvort ráðlegt sé að ganga nokkuð lengra en gert hefur verið í að leggja niður og sameina sjóði sem augljóslega eru ófærir til ætlaðrar starfsemi. Þá er einnig umhugsunarvert hvort hækka eigi skilyrði um lágmarksstofnfé, sem var við gildistöku laganna 300.000 kr. en skal árlega breytast í samræmi við lánskjaravísitölu. Nú á árinu 1997 er framreiknað lágmark stofnfjár 462 þús. kr. Það gefur auga leið að sjóður með ekki meira stofnfé er ekki til stórræðna ef hann, eins og títt er, hefur ekki aðrar tekjur, en ávöxtun af því.

Á tímabilinu 1. janúar 1989 til ársloka 1996 voru skipulagsskrár 147 nýrra sjóða og stofnana staðfestar af dómsmálaráðuneytinu.

Önnur umsýsla

Í janúar ár hvert sendir Ríkisendurskoðun vörslumönnum sjóðanna sérstök reikningsskilablöð fyrir ársreikning næstliðins árs. Þetta er gert til þess að stuðla að samræmdri og staðlaðri upplýsingagjöf sem og að auðvelda vörslumönnum að gera reikningsskilin og bæta þannig skilvirkni í reikningshaldinu. Nota má annað reikningsform að því tilskildu að í því komi fram hinar lögbundnu upplýsingar. Ríkisendurskoðun fer yfir ársreikninga hvers árs og ber þá saman við síðustu reikningsskil. Athugasemdir eða fyrirspurnir er lúta að ársreikningunum eða öðrum málefnum sjóðanna eru sendar vörslumönnum eftir því sem við á hverju sinni.

Allmargir sjóðir, einkum hinir eignalitlu, hafa ekki fullskipaðar stjórnir. Sumir hafa jafnvel aðeins vörslumann en enga stjórn. Þar sem skylt er að tilkynna sjóðaskrá hverjir skipa stjórn hverju sinni hefur Ríkisendurskoðun í ríkari mæli en áður gengið eftir upplýsingum um stjórnir og eftir atvikum hvatt þá, sem málið varðar, til að beita sér fyrir því að að skipa stjórnir hafi slíkt ekki verið gert. Í samstarfi við dómsmálaráðuneytið mun Ríkisendurskoðun leggja aukna áherslu á að þeir sjóðir, sem ekki tekst að fá rétt skipaða stjórn verði teknir til viðeigandi meðferðar hjá ráðuneytinu.

Í janúar 1996 voru send út reikningsskilaeyðublöð fyrir reikninga 602 sjóða og stofnana vegna ársins 1995. Fyrir árslok 1996 höfðu 397 þeirra skilað reikningum. Það eru nokkru lakari skil en að meðaltali á árunum 1991 til 1994. Telja má víst að lakari árangur skýrist að hluta af því að brugðið var út af þeirri veltu síðustu ára að senda þeim ítrekun um skil, sem ekki höfðu sent reikningana fyrir 1. september. Jafnframt verður að hafa í huga þá staðreynd að allmargir sjóðir hafa ekki starfhæfa stjórn. Ríkisendurskoðun hugar nú að virkari aðgerðum til að örva skil á reikningum. Meðal annars verður aukin áhersla lögð á að öllum sjóðum og stofnunum verði skipuð stjórn í samræmi við ákvæði í skipulagsskrá. Til álita kemur að birta skrá yfir þá sjóði og stofnanir, sem ekki skila reikningum sínum reglulega. Fleiri úrræði í þessum efnum eru til skoðunar. Berist reikningar staðfestra sjóða og stofnana ekki þrátt fyrir

eftirgang Ríkisendurskoðunar, ber að vísa málinu til frekari meðferðar hjá dómsmálaráðuneytinu, sbr. 4. gr. 1. nr 19/1988. Samkvæmt nefndri lagagrein getur dómsmálaráðherra, að fengnum tillögum Ríkisendurskoðunar, falið lögreglustjóra að rannsaka fjárreiður sjóðs eða stofnunar hafi skýrsla eða reikningar þeirra eigi borist í eitt ár, eða þeir reynst ófullkomnir. Lögreglustjóra er í þessum tilvikum heimilt að taka í sína vörslu skjöl og eignir og hafa fjárvörslu á hendi, þar til dómsmálaráðherra hefur skipað málum á annan veg. Áður en málum er þannig skipað er rétt að Ríkisendurskoðun setji viðkomandi hæfilegan lokafrest til að skila lögboðnum gögnum.

Sjóðir og sjálfseignarstofnanir er stunda atvinnurekstur

Segja má að megintilgangur að baki gildandi lögum um eftirlit með sjóðum og stofnunum, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá hafi verið tvenns konar. Annars vegar var lögunum ætlað að móta reglur um hvernig fá mætti betri yfirsýn yfir þá sjóði sem starfandi væru og skapa möguleika á að breyta þeim, sameina eða aðlaga þá á annan hátt að breyttum þjóðfélagsháttum. Hins vegar fólu lögin í sér lögfestingu tiltölulega einfaldra reglna um staðfestingu á skipulagsskrám, eftirlit með fjárreiðum þeirra og þær ráðstafanir sem grípa verður til ef brestir verða á lögskipuðum vinnubrögðum stjórnenda.

Þó svo að lög þessi hafi verið mjög tímabær og í raun valdið nokkrum tímamótum er því ekki að neita að nokkuð bagalegt verður að telja að ekki sé í gildi almenn löggjöf um stofnun, stjórn og starfsemi sjálfseignarstofnana, með sama hætti og t.d. gildir um hlutafélög og samvinnufélög. Hafa þarf í huga í þessu sambandi að lög nr. 19/1988 taka aðeins til þeirra sjóða og stofnana, sem starfa samkvæmt skipulagsskrá, sem staðfest er af þar til bæru stjórnvaldi. Lögin takmarka ekki gerð þeirra sjóða og stofnana sem þau taka til og reglugerð sbr. 7. gr. laganna hefur ekki verið sett. Opinber staðfesting á skipulagsskrá er hins vegar alls ekki skilyrði fyrir því að koma á laggirnar og starfrækja stofnanir af þessu tagi. Í raun eru til ýmsar sjálfseignarstofnanir í landinu, sem stunda jafnvel umtalsverða atvinnustarfsemi án þess þó að lúta eftirliti í samræmi við lög nr. 19/1988 eða sambærilegu eftirliti og t.d. bæði hlutafélög og samvinnufélög lúta. Í löggjöf af þessu tagi kæmi einkum til álita að setja ýmsar formreglur og viðmiðunarreglur t.d. um stofnun, stofnfé, skráningu, stjórn, ráðstöfun eigna og ágóða, ársreikninga, endurskoðun o.fl. í þeim dúr. Tilgangur með löggjöf um sjálfseignarstofnanir væri m.a. sá að tryggja eftir atvikum hagsmuni stofnenda eða félagsmanna og annarra þeirra, sem láta fé af hendi rakna til starfseminnar.

Að mati Ríkisendurskoðunar er löngu tímabært að huga að almennri löggjöf á þessu sviði. Því ber að fagna því að á vegum dómsmálaráðuneytisins hefur um nokkurt skeið verið unnið að samningu

frumvarps um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnustarfsemi.
Hugsanlegt er að það muni sjá dagsins ljós innan tiltölulega skamms tíma.

Fjármál

Á árinu 1996 áttu 602 sjóðir að skila reikningum vegna ársins 1995 en eins og fram hefur komið skiluðu 397 sjóðir og stofnanir ársreikningi fyrir það ár. Heildareign þeirra sjóða sem skiluðu ársreikningi nam 6,1 milljarði króna á móti námu skuldir þeirra 2,3 milljörðum króna. Þannig voru eignir umfram skuldir 3,8 milljarðar króna.

	Þús. kr.
Eignir	6.123.774
Skuldir	(2.270.138)
Eignir umfram skuldir	<u>3.853.636</u>

Á árinu 1995 námu heildartekjur fyrir nefnda sjóði 1,7 milljörðum króna en gjöld námu aftur á móti 1,4 milljörðum króna. Þannig urðu tekjur umfram gjöld um 300 milljónir króna.

	Þús. kr.
Tekjur	1.724.806
Gjöld	(1.393.187)
Tekjur umfram gjöld	<u>331.619</u>

Þegar eigna og rekstrarumsvif einstakra sjóða eru könnuð, kemur í ljós að af þeim sem skiluðu ársreikningi fyrir árið 1995 eru tiltölulega fáir sjóðir með verulegan hlut eigna og rekstrarumsvifa. Þannig voru 10 stærstu sjóðirnir með tæplega 40% af eignum og um 55% af heildartekjum.

Eigna- og skuldasetning þessara 10 stærstu sjóðanna er eftirfarandi:

Eignir		Þús. kr.
Bankainnstæður		76.822
Verðbréf		211.927
Viðskiptakröfur		34.237
	Samtals peningalegar eignir	<u>322.986</u>
Fastafjármunir		1.953.406
	Samtals eignir	<u>2.276.392</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		288.604
Langtímaskuldir		1.327.438
	Samtals skuldir	<u>1.616.042</u>
	Eignir umfram skuldir	<u>660.350</u>

Heildartekjur fyrir nefnda sjóði á árinu 1995 greinast með eftirtöldum hætti:

		Þús. kr.
Framlög		744.645
Aðrar tekjur		189.133
Fjármunatekjur án verðbreytinga		17.318
	Samtals tekjur	<u>951.096</u>
Gjöld		821.144
	Tekjur umfram gjöld	<u>129.952</u>